

Mánudaginn 18. marzmán.

Nr. 12/1889

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Einarssyni

D ó m u r:

Með dómi aukarjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 20. desbr. f. á., var hinn ákærði, Guðmundur Einarsson, dæmdur fyrir brot gegn 250. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3 daga, greiða allan af málinu «og varðhaldi sínu» leiðandi kostnað, og borga 6 krónur í iðgjöld til Guðmundar Símonarsonar. Dómi þessum hefur amtmaðurinn yfir Suduramtinu skotið til yfirdómsins.

Með játningu hins ákærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu er það löglega sannað, að hann hafi hinn 25. okt. f. á. drepið lamb, er var annars manns eign, með byssuskoti í kálgarði sínum, hagnýtt sjer síðan kjötið af því, en falið innýflin og gæruna. Eptir skýrslu hins ákærða hafði lambið og nokkrar fleiri kindur komið hvað eptir annað í kálgarðinn þennan dag, og er hann fleirsinnis var búinn að reka þær úr garðinum, hafi hann í bræði þrifið byssu sína, er þær komu enn einu sinni aptur í hann, og skotið í þá átt, er kindurnar voru. án þess að hann hafi ætlað sjer að drepa lambið eða neina kindina. Þegar nú það óhapp vildi til, að hann drap lambið, hafi hann eigi þorað að skýra eiganandanum, Guðmundi Símonarsyni, frá því, og hafi því farið með skrokkinn, gæruna og innýflin eins og áður er sagt. Eptir þessum framburði hins ákærða, sem eigi hefur verið hrundið, verður að dæma málið, og er þá

brot hans rjettilega heimfært undir 250. grein hegningarlaganna; refsingin fyrir brotið þykir hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð; iðgjöld og málskostnað ber hinum ákærða að greiða eptir ákvæðum aukarjettardómsins; þó skal þess getið, að eptir hinum framlögðu skjölum getur eigi verið að ræða um varðhaldskostnað í málinu. Loksins á hinn ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Guðmundur Einarsson, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga og greiða Guðmundi Símonarsyni í iðgjald 6 krónur. Svo á hann og að greiða allan löglegan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Ídæmt iðgjald ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.